




ÚT FYRIR BÓKINA


DÝRASPRELL

lestur - lesskilningur - gagnvirkt námsefni



Köttur

Litaðu myndina



Þetta er fúl kisa.
Mús borðaði matinn
hennar.
Músin drakk ekki
mjólkina.
Kisa er mjög svöng.

Svaraðu spurningunum

1 Kisa er mjög...

- a) glöð.
- b) fúl.
- c) hrædd.

2 Hver borðaði matinn?

- a) Kisan.
- b) Músin.
- c) Hænan.

3 Hver drakk
mjólkina?

- a) Kisan.
- b) Músin.
- c) Hænan.

4 Kisa er mjög...

- a) södd.
- b) sæl.
- c) svöng.



Kýrin

Litaðu myndina



Hæ! Ég heiti Lára.
Ég fór út í haga að leita
að vinum mínum.
Ég fann engan til að
leika við.
Ég er þínu leið.

Svaraðu spurningunum

1 Hvað heitir kýrin?

- a) Lóa
- b) Lára
- c) Lilja

2 Hvert fór Lára?

- a) Í skólann.
- b) Í búðina.
- c) Út í haga.

3 Að hverjum var Lára að leita?

- a) Afa sínum.
- b) Vinum sínum.
- c) Ömmu sinni.

4 Lára er þínu...

- a) fúl.
- b) leið.
- c) glöð.



Geitin

Litaðu myndina

Rétt fyrir jólin setti ég upp jólahúfu og skreytti allt fjósið með marglitum jólaljósum. Ég flækti mig óvart í einni seríunni.



Svaraðu spurningunum

1 Hvað skreytti hún?

- a) Alla hlöðuna.
- b) Allt húsið.
- c) Allt fjósið.

2 Jólaljósín voru...

- a) rauð.
- b) mislit.
- c) hvít.

3 Hvað kom fyrir?

- a) Kýrnar urðu fúlar.
- b) Kýrnar fóru að gráta.
- c) Geitin flæktist í ljósunum.

4 Geitin setti á sig...

- a) nornahatt.
- b) álfahúfu.
- c) jólahúfu.



Sundferðin

Litaðu myndina

Síðasta laugardag fór Billi björn í sund með ömmu sinni. Hann tók rauða kútinn sinn með því hann er ekki alveg nógu vel syndur.



Svaraðu spurningunum

1 Hvað heitir björninn? **2** Hver var með Billa?

- a) Bibbi
- b) Billi
- c) Bonni

- a) Það var mamma.
- b) Það var vinkona.
- c) Það var amma.

3 Billi kann að synda. **4** Hvernig var kúturinn?

- a) Það er rétt.
- b) Það er rangt.
- c) Kemur ekki fram.


- a) Hann var rauður.
- b) Hann var grænn.
- c) Hann var blár.



Ströndin

Bína björn fór á ströndina. Hún var með fína doppótta hattinn sinn og brettið. Brettið var glænýtt. Dóri frændi gaf henni það í sjö ára afmælisgjöf.

Litaðu myndina



Svaraðu spurningunum

1 Hvað heitir björninn? **2** Hvað heitir frændi?

- a) Hann heitir Bía.
- b) Hann heitir Bína.
- c) Hann heitir Brá.

- a) Hann heitir Diddi.
- b) Hann heitir Dóri.
- c) Hann heitir Doddi.

3 Brettið er gamalt.

- a) Satt.
- b) Ósatt.
- c) Kemur ekki fram.

4 Bína er sex ára.

- a) Kemur ekki fram.
- b) Það er satt.
- c) Það er ósatt.



Ofurhetjan

Olli ofurhetja hjálpar öllum bæjarbúum. Hann týnir upp rusl og hjálpar öllum yfir götur. Olli finnur líka týndar kisur.



Svaraðu spurningunum

1 Ofurhetjan heitir.

- a) Oliver
- b) Ormur
- c) Olli

2 Olli dreifir rusli.

- a) Það er satt.
- b) Það er ósatt.
- c) Kemur ekki fram.

3 Olli hjálpar öðrum.

- a) Það er satt.
- b) Það er ósatt.
- c) Kemur ekki fram

4 Olli hjálpar...

- a) sumum í bænum.
- b) öllum í bænum.
- c) bara gömlu fólki.



Bói

Litaðu myndina

Bói broddgöltur sat úti í skógi og tíndi blóm. Hann var að búa til vönd handa mömmu sem átti afmæli.



Svaraðu spurningunum

1 Hver átti afmæli?

- a) Það var Bói.
- b) Það var mamma.
- c) Það var pabbi.

2 Bói var að tína...

- a) ber.
- b) rusl.
- c) blóm.

3 Hvar var Bói?

- a) Úti í skógi.
- b) Úti í garði.
- c) Úti að leika.

4 Hvað var Bói að búa til?

- a) Það kemur ekki fram.
- b) Afmælisgjöf.
- c) Jólagjöf.


skannaðu
mig



Á grein

Litaðu myndina

Litli fuglinn Aggi sat á grein og söng. Fyrst söng hann Krummavísu fyrir ömmu. Svo söng hann Prumpulagið fyrir afa.



Svaraðu spurningunum

1 Aggi sat á...

- a) spýtu.
- b) grein.
- c) laufblaði.

2 Krummavísa var...

- a) fyrir afa.
- b) fyrir ömmu.
- c) fyrir Agga.

3 Fuglinn var að...

- a) synda.
- b) sjóða.
- c) syngja.

4 Prumpulagið var...

- a) fyrir afa.
- b) fyrir ömmu.
- c) fyrir Agga.



Gjöfin

Viltu blóm? kallaði Villi þegar hann sá Söllu vinkonu sína. Sölla varð mjög glöð. Blómin voru litrík og falleg. Takk elsku Villi sagði Sölla.



Svaraðu spurningunum

1 Villi gaf Söllu...

- a) blómvönd.
- b) rauða rós.
- c) bland í poka.

2 Blómin voru öll gul.

- a) Alveg rétt.
- b) Það er ekki rétt.
- c) Kemur ekki fram.

3 Hvað sagði Sölla?

- a) Nei elsku Villi.
- b) Ekki í dag vinur.
- c) Takk elsku Villi.

4 Hvað heitir vinkonan?


- a) Hún heitir Sissa.
- b) Hún heitir Sölla.
- c) Hún heitir Sara.



Skjaldbakan

Sísí skjaldbaka er leið.
Hún týndi nýju töskunni
sem mamma og pabbi
keyptu handa henni í
útlöndum. Allt í einu kom
pabbi syndandi, ég fann
töskuna, hún var bak við
stein.

Litaðu myndina



Svaraðu spurningunum

1 Hver fann töskuna? **2** Af hverju er Sísí leið?

- a) Það var Sísí.
- b) Það var mamma.
- c) Það var pabbi.

- a) Gamla taskan er týnd.
- b) Pabbi er með vesen.
- c) Nýja taskan er týnd.

3 Hvar var taskan? **4** Taskan var keypt...

- a) Bak við stein.
- b) Bak við hús.
- c) Undir borði.

- a) í Reykjavík.
- b) í útlöndum.
- c) á Akureyri.



Veturinn

Litaðu myndina

Broddi broddgöltur undirbjó sig fyrir veturinn og keypti ullarhúfu og trefil. Húfan var rauð og hvít en trefillinn blár og grænn.



Svaraðu spurningunum

1 Hvernig var húfan?

- a) Blá og græn.
- b) Hvít og rauð.
- c) Blá og rauð.

2 Hann keypti trefil og...

- a) hatt.
- b) húfu.
- c) hár.

3 Trefillinn er blár og... **4** Það var að koma...

- a) gulur.
- b) grár.
- c) grænn.

- a) sumar.
- b) vor.
- c) vetur.




Skýjaleikur

Litaðu myndina

Finni finnst gaman að leika úti í garði.

Stundum fer hann í skýjaleik. Þennan dag sá hann hund, kisu og fiðrildi í skýjunum.



Svaraðu spurningunum

1 Finnur leikur sér aldrei úti.

- a) Alveg rétt.
- b) Það er ekki rétt.
- c) Kemur ekki fram.

2 Hvað heitir froskurinn?

- a) Hann heitir Frissi.
- b) Hann heitir Frank.
- c) Hann heitir Finnur.

3 Hann sá hund...

- a) fiðrildi og hest.
- b) kisu og fiðrildi.
- c) fiðrildi og frosk.

4 Leikurinn heitir...


- a) Skýjaleikur.
- b) Sólarleikur.
- c) Froskaleikur.



Klippingin

Ósk var nýkomin úr klippingu hjá henni Sól. Ósk var mjög ánægð með klippinguna. Hún vildi ekki fá slaufu í hárið. Ósk fór heim til ömmu og sýndi henni hvað hún var fín.

Litaðu myndina



Svaraðu spurningunum

1 Hver fór í klippingu? **2** Ósk fékk slaufu.

- a) Það var Sól.
- b) Það var Ósk.
- c) Það var amma.

- a) Alveg rétt.
- b) Það er ekki rétt.
- c) Kemur ekki fram.

3 Hver klippti Ósk?

- a) Það var Sól.
- b) Það var Ósk.
- c) Það var amma.

4 Hvert fór Ósk á eftir?


- a) Til ömmu.
- b) Til Sólar
- c) Til vina.



Á safni

Malla mjaldur á heima á safni. Henni finnst mjög gaman að leika við krakka sem koma í heimsókn. Á hverjum degi borðar hún fisk. Malla er níu ára.

Litaðu myndina



Svaraðu spurningunum

1 Malla býr...

- a) á safni.
- b) í hafinu.
- c) úti í skógi.

2 Skemmtilegast er að...

- a) leika ein.
- b) leika með bolta.
- c) leika við krakka.

3 Hvað er hún gömul?

- a) Sjö ára.
- b) Átta ára.
- c) Níu ára.

4 Hvað borðar Malla?

- a) Franskar.
- b) Flatbrauð.
- c) Fisk.



Matargat

Litaðu myndina

Snati er mjög svangur, hann langar í kjöt. Honum finnst ís mjög góður. Snati er matargat og vill alltaf eiga bein til að naga.



Svaraðu spurningunum

1 Snata langar í...

- a) kjöt.
- b) fisk.
- c) ís.

2 Hvað heitir hundurinn?

- a) Hann heitir Snari.
- b) Hann heitir Snabbi.
- c) Hann heitir Snati.

3 Snata finnst ís...

- a) ekki góður.
- b) mjög góður.
- c) bragðlaus.

4 Snati nagar...

- a) ís.
- b) bein.
- c) greinar.

